

Lokanir í miðbæ v/17. júní

Hér er yfirlitskort yfir lokanir gatna í Hafnarfirði vegna þjóðhátíðarhalds í miðbæ. Markmið okkar er að tryggja öryggi þeirra sem eru gangandi. Við munum hafa starfsmann á gangbrautum gangbraut yfir Reykjavíkurveg milli Bókasafns og Gamla vínhússins og gangbraut á mótum Strandgötu og Lækjargötu eða milli Hafnarfjarðarkirkju og bakarís sem mun aðstoða gangandi vegfarendur þar yfir. Jafnframt teljum við með þessu að íbúar á lokuðu svæðunum eigi alltaf kost á að leggja nálægt heimilum sínum. Við munum senda dreifibréf til viðkomandi íbúa með nánari kynningu auk þess fjallað verður um lokanir í dagskrárriti okkar. Þetta eru mun minni lokanir en í fyrra.



Lokanir eru allar mannaðar starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar utan þeirrar við

Mjósund/Austurgötu því er auðvelt að opna og hleypa í gegn lögreglu, sjúkrabílum eða slökkvibílum.

Lokanir verða frá 12:30/13:00 en við munum draga þessar lokanir saman og færa nær miðbænum upp úr kl. 16:30.

Strandgata frá Lækjargötu verður áfram lokuð fram á kvöld en dagskrá verður á Thorsplani um kvöldið. Hluti af Linnestíg framán við Burkna verður lokaður áfram um kvöldið.

Íbúar Austurgötu ákveða sjálfir hvenær þeir loka götu sinni en það er áætlað milli 19:00 og 20:00

Lokanir gatna vegna skrúðgöngu


Skrúðganga fer stundvíslega af stað kl 13:30. Óskað verður eftir því að lögregla leiði hana.

Hver einasta lokun vegna skrúðgöngu á gatnamótum verða framkvæmdar af okkar hálfu. Starfsmenn verða á lokunum og opna götur um leið og skrúðganga fer hjá.

Búast má við 1200-2000 manns í skrúðgönguna og það er vilji okkar að hún sé frekar breið og stutt þannig að sem flestir heyrri í lúðrasveitinni. Núna má búast við að í göngunni verði hópar eins og konur í þjóðbúningum, víkingar, íþróttamenn osfr þannig að bæjarbúar koma jafnvel til með að horfa á gönguna og taka síðan þátt í henni.

Dagskrá verður fyrst og fremst kynnt á heimasíðu bæjarins. Við munum hinsvegar láta íbúa á Hringbraut og Strandgötu þar sem lokað verður tímabundið vegna skrúðgöngu ca í 20 mín, fá sérstakan dreifimiða þar sem tímasetning lokunnar 13:30-13:45 er kynnt. Um leið og skrúðganga fer hjá skal opna götur og fjarlægja lokanir.

Eftirfarandi kort á að sýna lokanir okkar vegna skrúðgöngu leið hennar í miðbæ:



Geir Bjarnason